

Ár 2011, þriðjudaginn 28. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kolbeini H. Stefánssyni, Rannveigu Sigurðardóttur og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

Að taka ákvörðun um laun þeirra sem undir kjararáð heyra

I.

Með lögum nr. 148/2008 bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 47/2006 um kjararáð, þar sem sagði að þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. laga um kjararáð skyldi ráðið fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð sem fæli í sér 5-15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilda skyldi frá 1. janúar 2009 og skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða þann úrskurð til hækkunar til ársloka 2009. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða laun annarra sem undir það heyra til samræmis. Með ákvörðun dagsettri 27. desember 2008 ákvað kjararáð að laun alþingismanna skyldu lækka um 7,5% og laun ráðherra um 14-15% frá 1. janúar 2009. Hinn 23. febrúar 2009 tók kjararáð ákvörðun um að laun embættismanna, annarra en dómara og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, skyldu lækka um 5-15% og tók sú ákvörðun gildi 1. mars 2009. Þá ákvað ráðið hinn 10. mars 2009 sambærilega lækkun launa dómara frá 15. mars 2009. Ákvörðun um lækkun launa skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands var tekin 17. júlí 2009 og tók hún gildi 1. ágúst 2009.

Allir þeir sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyrðu á þessum tíma að frátöldum forseta Íslands sættu því lækkun launa á grundvelli áðurnefndra laga nr. 148/2008.

Með lögum nr. 127/2009 var lögum um kjararáð enn breytt, en þá bættist ný málsgrein við áðurnefnt ákvæði til bráðabirgða um lækkun launa. Í ákvæðinu fólst að til nóvemberloka 2010 væri óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði kjararáðs um laun alþingismanna og ráðherra. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skyldi gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast væri unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga um kjararáð.

II.

Með lögum nr. 87/2009, sem fela meðal annars í sér breytingu á hlutafélagalögum nr. 2/1995 og lögum um kjararáð nr. 47/2006, var kjararáði gert að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þessara félaga. Við 8. gr. laga um kjararáð bættist nýr málslíður þar sem segir að við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. laganna um kjararáð. Í kjölfarið ákvað kjararáð launakjör hlutaðeigandi framkvæmdastjóra. Í öllum ákvörðununum kemur fram að til þess að gæta innbyrðis samræmis, hafi heildarkjör nýja hópsins verið ákveðin innan þess kerfis sem mótað hefði verið um aðra sem undir ráðið heyra. Við röðun þeirra sem við bættust í fyrirliggjandi kerfi var beitt þeirri grunnreglu, að samræmis yrði gætt í heildarlaunum allra sem sættu ákvörðun kjararáðs um launakjör sín. Við ákvörðun einingafjölda var þó gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun nýju framkvæmdastjóranna lækkuðu óhóflega. Þetta leiddi til ákveðins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð. Í öllum ákvörðununum voru ákvæði þess efnis að þær giltu fyrir þá sem þá gegndu störfum framkvæmdastjóra og að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

III.

Ýmsir þeir sem undir kjararáð heyra hafa lýst þeirri skoðun sinni að kjararáði beri að endurskoða laun þeirra sem undir ákvörðunarvald ráðsins heyra. Minnisblað Félags forstöðumanna ríkisstofnana, dagsett 14. desember 2010, barst kjararáði í kjölfar fundar fulltrúa félagsins með þriggja manna kjararáði sem haldinn var 30. nóvember 2010. Með minnisblaðinu gerir félagið í fyrsta lagi kröfu um að launalækkunin sem tók gildi 1. mars 2009 verði afturkölluð. Í öðru lagi er gerð krafa um leiðréttingu launa forstöðumanna í samræmi við launaþróun á gildistíma bráðabirgðaákvæðis samkvæmt lögum nr. 127/2009. Í þriðja lagi er gerð krafa um að kjararáð samræmi laun félagsmanna Félags forstöðumanna ríkisstofnana launum þeirra sem færðust undir úrskurðarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, með vísan til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og jafnræðisreglu 8. gr. laga um kjararáð. Í minnisblaðinu eru settar fram tillögur félagsins um mögulegar breytingar á launum forstöðumanna með hliðsjón af ofangreindum kröfum. Með bréfi félagsins dagsettu 14. febrúar 2011 er ítrekað að félagið telji að eftir að lög um tímabundna lækkun launa forstöðumanna ríkisstofnana féllu úr gildi 30. nóvember 2010, beri ráðinu að afturkalla launalækkunina og endurskoða starfskjör forstöðumanna að öðru leyti eins fljótt og verða megi.

Með bréfi kjararáðs, dagsettu 3. mars 2011, var fjármálaráðuneytinu, með vísan til 6. gr. laga um kjararáð, gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindis félagsins. Svar fjármálaráðuneytisins barst kjararáði með bréfi dagsettu 29. mars 2011. Í bréfinu sagði að ábending forstöðumanna um að lögin um lækkun launa þeirra væru úr gildi fallin, væri rétt. Ætla mátti að álag hefði aukist hjá sumum stofnunum ríkisins vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Ekki yrði þó litið fram hjá því að allir kjarasamningar á íslenskum vinnumarkaði væru lausir. Jafnframt sagði að það væri hlutverk kjararáðs að gæta samræmis í starfskjörum þeim sem það ákvæði og að þau væru á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir gætu talist með tilliti til starfa og ábyrgðar, svo sem segði í 8. gr. laganna um kjararáð.

IV.

Umfjöllun kjararáðs um erindi Félags forstöðumanna ríkisstofnana og önnur erindi af sama meiði og niðurstaða í þeim efnum varðar ekki eingöngu hagsmuni hlutaðeigandi heldur einnig annarra sem undir ráðið heyra, svo sem saksóknara, dómara, presta, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands.

Kjararáð hefur haft til skoðunar launakjör allra þeirra sem undir ákvörðunarvald ráðsins heyra, annars vegar með hliðsjón af þeirri launalækkun sem gerð er grein fyrir í kafla I hér að framan og kom til framkvæmda á árinu 2009 og hins vegar með hliðsjón af launaþróun síðustu missera og innra samræmis þeirra sem undir ráðið heyra, sbr. 8. og 10. gr. laga um kjararáð. Með þeirri ákvörðun sem hér er tekin verður tekin afstaða til þess fyrra, það er hvort umrædd launalækkun skuli ganga til baka. Kjararáð hyggst taka sérstaka ákvörðun um hið síðarnefnda, það er um breytingar á launum með hliðsjón af almennri launaþróun og innra samræmi, sbr. 8. og 10. gr. laga um kjararáð.

V.

Í ágúst 2009 gaf ríkisstjórnin út tilmæli til ráðuneyta og stofnana ríkisins um 3-10% lækkun launa umfram 400.000 krónur á mánuði hjá starfsmönnum Stjórnarráðsins. Jafnframt skyldi fjármálaráðuneytið, í samvinnu við hlutaðeigandi fagráðuneyti og forstöðumenn, útfæra leiðir til að ná fram samsvarandi lækkun launa umfram 400.000 krónur á mánuði hjá starfsmönnum stofnana ríkisins.

Með bréfi dagsettu 24. maí 2011 óskaði kjararáð eftir upplýsingum um hvort lækkun launa hjá áður nefndum starfsmönnum hefði gengið eftir. Ef svo væri, var óskað eftir upplýsingum um í hverju lækkunin hefði verið fölgin, annars vegar hjá ráðuneytum og hins vegar hjá einstökum stofnunum, hversu mikil og almenn hún hefði verið, hvernig samræmis hefði verið gætt, bæði að því er varðaði breytingar á launum starfsmanna og hvernig þær hefðu komið til framkvæmda hjá einstökum ráðuneytum og stofnunum og hvenær lækkunin hefði tekið gildi. Hefðu laun verið lækkuð var óskað eftir upplýsingum um hvort launalækkunin hefði gengið til baka eða hvort áætlanir væru uppi um það.

Í svari fjármálaráðuneytisins, dagsettu 20. júní 2011, sagði að framkvæmd launalækkunarinnar í Stjórnarráðinu hefði verið í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Hefði hún verið gerð með samræmdum hætti þannig að heildarlaun þeirra sem mest báru úr bótum lækkuðu hlutfallslega meira en þeirra sem lægri laun höfðu. Kjarasamningsbundin mánaðarlaun starfsmanna hefðu haldist óbreytt en yfirvinnutímum eða einingum verið fækkað. Lækkunin hefði tekið gildi 1. janúar 2010. Ekki hefði verið gert ráð fyrir því að fjármálaráðuneytið hefði sérstakt eftirlit með því að stofnanir framkvæmdu tilmæli ríkisstjórnarinnar með samræmdum hætti, umfram það eftirlit sem fjárreiðu- og eignaskrifstofa hefði með framkvæmd fjárlaga, starfsháttum í ríkisrekstri og ýmsum þáttum í fjármálastjórn ríkisins. Fjármálaráðuneytið hefði engu að síður kannað með hvaða hætti heildarlaun ríkisstarfsmanna hefðu almennt þróast frá árinu 2008. Við skoðun gagna úr launakerfi ríkisins kæmi í ljós að nær allir mælikvarðar, hvort sem væri vinnumagn eða greidd laun, hefðu lækkað og þróunin frá fyrri helmingi ársins 2009 væri greinilega afbrigðileg miðað við það sem vanalegt væri. Þegar breytingar á heildarlaunum eftir tekjuhópum væru skoðaðar mætti sjá að tæplega helmingur hópsins væri með heildarlaun lægri en 400.000 krónur. Þá hefðu meðalheildarlaun á stöðugildi lækkað hlutfallslega meira í efri tekjuhópum. Ljóst væri að vinnuskipulag réði miklu um heildarlaun. Um það hvort launalækkunin hefði gengið til baka eða hvort áætlanir væru uppi um það, sagði að gögn bentu til þess að svo virtist ekki vera. Hvað varðar launalækkun starfsmanna Stjórnarráðsins var vísað til yfirlýsingar f.h. fjármálaráðherra, í tengslum við samkomulag Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar um breytingar og framlengingu á kjarasamningi 19 aðildarfélaganna BHM. Í yfirlýsingunni, sem dagsett er 6. júní 2011, segir að ríkur vilji sé til að tryggja að kjör og starfsaðstæður félagsmanna í Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins séu slík að eftirsóknarvert sé að starfa í Stjórnarráðinu. Viðurkennt er að álag og ábyrgð hafi víða aukist án þess að stofnanasamningar og almenn launasetning hafi tekið mið af því. Rétt þyki, meðal annars með hliðsjón af þessu, að endurmeta þær breytingar sem gerðar hafi verið á launakjörum félagsmanna á árinu 2009 með tilliti til launaþróunar hjá öðrum hópum opinberra starfsmanna. Þessu endurmati verði lokið eigi síðar en 1. desember 2011.

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins kom tvisvar á fund með kjararáði og gerði grein fyrir því hvernig áður nefndum tilmælum ríkisstjórnarinnar hefði verið framfylgt.

VI.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til. Af lagaákvæðum

Þessum og lögskýringargögnum verður ráðið að kjararáði er ekki ætlað að vera stefnumótandi um kjarapróun. Ljóst má vera að hækkanir og/eða breytingar á launum sem kjararáð ákveður hverju sinni á grundvelli kjarasamninga eða almennrar launaþróunar koma eftir á að mestu leyti.

Eins og fram hefur komið lækkuðu laun þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra á árinu 2009 í kjölfar setningar laga nr. 148/2008 og síðar laga nr. 127/2009. Lögum um kjararáð var einnig breytt með lögum nr. 87/2009 en með þeim var fjölgað í þeim hópi sem ákvörðunarvald ráðsins nær til. Allar þessar breytingar á lögnum um kjararáð röskuðu þeim viðmiðum sem kjararáði er ætlað að fara eftir samkvæmt 8. gr. laga um kjararáð. Með þessum breytingum ákvað löggjafinn að breyta áður mótaðri stefnu um launaþróun starfsmanna ríkisins til framtíðar, það er að í stað þess að kjararáð tæki í ákvörðunum sínum mið af breytingum sem þegar hefðu átt sér stað, var ráðinu gert að taka ákvörðun um lækkun launa þeirra sem undir ráðið heyra og ryðja þannig brautina fyrir lækkun annarra hópa. Nú þegar ákvæði til bráðabirgða samkvæmt lögum nr. 148/2008 og 127/2009 er úr gildi fallið er fyrirkomulag launaákvæðana fallið aftur í fyrra horf og fer eftir 8. gr. laga um kjararáð eins og hún nú er.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því að í kjölfar lækkunar launa þeirra sem undir kjararáð heyra, hafi laun þeirra ríkisstarfsmanna sem eru með hærri laun en 400.000 krónur á mánuði einnig almennt verið lækkuð. Laun starfsmanna Stjórnarráðsins voru lækkuð með svipuðum hætti og laun kjararáðshópsins, en launalækkun starfsmanna stofnana ríkisins var ekki framkvæmd með samræmdum hætti. Í sumum tilvikum höfðu laun þegar verið lækkuð er tilmælin komu fram. Þá er þess að gæta að tæplega helmingur ríkisstarfsmanna er með heildarlaun lægri en 400.000 krónur á mánuði og sætti því ekki beinni launalækkun. Sá hópur sem sætti lækkun launa hefur ekki heldur fengið kjarasamningsbundnar hækkanir frá 1. júní 2008, en hækkanir samkvæmt kjarasamningum á árunum 2009 og 2010 voru einskorðaðar við lægstu laun.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins gefa gögn úr launakerfi ríkisins til kynna að launalækkun starfsmanna stofnana ríkisins hafi ekki gengið til baka. Hið sama gildir um lækkun launa starfsmanna Stjórnarráðsins. Hins vegar hefur verið viðurkennt að álag og ábyrgð hafi víða aukist án þess að stofnanasamningar og laun hafi tekið mið af því, eins og fram kemur í yfirlýsingu þeirri sem gerð er grein fyrir í niðurlagi kafla V hér að framan. Þar segir að boðuðu endurmati á breytingum á launakjörum frá árinu 2009 skuli lokið eigi síðar en 1. desember 2011.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, þeirrar staðreyndar að kjararáði er ekki ætlað að vera stefnumótandi um kjarapróun, sbr. 8. gr. laga um kjararáð, er það niðurstaða ráðsins að lækkun launa þeirra sem undir ákvörðunarvald þess heyra og kom til framkvæmda á árinu 2009 skuli að svo stöddu ekki ganga til baka.

VII.

Eins og áður er komið fram skal kjararáð taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til, sbr. 10 gr. laga um kjararáð. Samningar hafa verið undirritaðir við velflest stéttarfélag ríkisstarfsmanna og aðildarfélag Alþýðusambands Íslands. Þeir fela í sér að á árinu 2011 hækka laun um 4,25%, greidd verði 50.000 króna eingreiðsla við samþykkt samnings, sérstakt 10.000 króna álag á orlofsuppbót og sérstakt 15.000 króna álag á desemberuppbót. Áætlað er að launakostnaður á almennum markaði aukist meira en sem nemur fyrrnefndum hækkunum. Við framkvæmd kjarasamninga ríkisstarfsmanna hefur þessi kostnaður verið metinn 0,6% og kemur fram sem sama hækkun á launatöflu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

VIII. Ákvörðunarorð

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 4,9% 1. júní 2011.

Á sama tíma skal greiða þeim sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra 50.000 króna eingreiðslu miðað við fullt starf í mars og apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Við greiðslu desemberuppbótar 2011 skal greiða skal þeim sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra sérstakt 25.000 króna álag.

Svanhildur Kaaber

Kolbeinn H. Stefánsson

Rannveig Sigurðardóttir

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Sératkvæði Jónasar Þórs Guðmundssonar

Ég er sammála því sem segir í köflum nr. I-III, V og VII í úrskurði meirihluta kjararáðs.

Ákvarðanir kjararáðs frá 23. febrúar 2009, nr. 2009.001, 10. mars 2009, nr. 2009.3.002, og 17. júlí 2009, nr. 2009.4.004, um lækkun launa þeirra sem undir kjararáð heyra, byggðust á íhlutun löggjafarvaldins í störf kjararáðs, upphaflega samkvæmt lögum nr. 148/2008 og síðar lögum nr. 127/2009. Til nóvemberloka 2010 var kjararáði óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Frá 1. desember 2010 hafa lög ekki bundið hendur kjararáðs að þessu leyti. Fyrir gildistöku framangreindra laga hafði kjararáð tekið ákvarðanir um laun þeirra sem undir ráðið heyrðu sem sjálfstætt stjórnarsýsluráð á grundvelli laga nr. 47/2006. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 148/2008 kom fram að þeirri ráðstöfun, að fyrirskipa kjararáði að lækka laun og setja hömlur á endurskoðun úrskurða ráðsins um lækkun launa um ákveðinn tíma, væri ætlað að gilda tímabundið. Að hinum ákveðna tíma liðnum gæti ráðið að nýju fellt úrskurð um þann hóp sem

frumvarpið næði til að teknu tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum eins og þau yrðu þá. Með vísan til þessa hlýtur því kjararáð að taka til baka miðað við 1. desember 2010 þá launalækkun sem ráðinu var fyrirskipað að framkvæma á grundvelli tilvitnaðra laga á launum þeirra sem undir ráðið heyra nema lögmæt sjónarmið leiði til annarrar niðurstöðu.

Þegar kjararáði var fyrirskipað með ofangreindum lögum að lækka laun þeirra sem undir ráðið heyrdi höfðu laun annarra ríkisstarfsmanna með laun yfir 400.000 krónur á mánuði almennt ekki verið lækkuð. Hinn 14. ágúst 2009 gaf ríkisstjórnin út tilmæli um lækkun launa þeirra starfsmanna Stjórnarráðsins sem hefðu hærri laun en 400.000 krónur á mánuði, um 3-10% með fækkun eininga og yfirvinnustunda. Skyldi fjármálaráðuneytið í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti hafa forgöngu um að útfæra leiðir til þess að ná þessu markmiði. Jafnframt skyldu fjármálaráðuneytið og hlutaðeigandi ráðuneyti útfæra leiðir til þess að ná fram samsvarandi lækkun launa umfram 400.000 krónur á mánuði hjá stofnunum ríkisins, í samstarfi við forstöðumenn. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem kom út í desember 2010, um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2009 er gerð athugasemd við hvernig staðið var að framkvæmd tilmælanna hjá ráðuneytum og stofnunum á árunum 2009 og 2010. Rétt er að geta þess að fjármálaráðuneytið hefur gagnrýnt athugasemd Ríkisendurskoðunar er að þessu lýtur.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til kjararáðs frá 20. júní 2011, sem vitnað er til í kafla nr. V að framan, segir að framkvæmd launalækkunar í Stjórnarráðinu hafi verið í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, þannig að heildarlaun þeirra sem höfðu hæst laun hefðu lækkað meira en þeirra sem höfðu lægri laun. Hvað launalækkun hjá ríkisstofnunum varðaði, hafi ekki verið gert ráð fyrir því að fjármálaráðuneytið hefði haft sérstakt eftirlit með því að stofnanir framkvæmdu tilmæli ríkisstjórnarinnar með samræmdum hætti umfram það eftirlit sem fjárreiðu- og eignaskrifstofa hafi með framkvæmd fjárlaga, starfsháttum í ríkisrekstri og ýmsum þáttum í fjármálastjórn ríkisins. Engu að síður hafi ráðuneytið „kannað hvort og með hvaða hætti heildarlaun ríkisstarfsmanna hafi almennt þróast frá árinu 2008“. Segir síðan um það efni að gögn úr launakerfi ríkisins sýni að „vinnumagn og greidd laun“ hafi lækkað og þróunin frá fyrri árshelmingi 2009 sé greinilega afbrigðileg miðað við það sem vanalegt sé. Jafnframt segir að „meðalheildarlaun á stöðugildi“ hafi lækkað hlutfallslega meira í efri tekjuhópum. Þá segir að „vinnuskipulag“ ráði miklu um heildarlaun.

Af þeim gögnum sem kjararáð hefur undir höndum og fylgdu ofangreindu bréfi fjármálaráðuneytisins verður hvorki með vissu ráðið hvort laun annarra ríkisstarfsmanna en þeirra sem undir kjararáð heyra og hafa hærri laun en 400.000 krónur á mánuði hafi *almennt* lækkað né hvernig. Fyrir liggur, hvað snertir starfsmenn Stjórnarráðsins, að tilmæli ríkisstjórnarinnar voru framkvæmd með þeim hætti að þeim vinnustundum var fækkað þar sem greitt var fyrir unna yfirvinnu.

Hvað varðar starfsmenn ríkisstofnana, liggur ekki fyrir hvort og hvernig tilmæli ríkisstjórnarinnar voru framkvæmd. Áðurnefnd gögn fjármálaráðuneytisins sýna þó að meðalheildarlaun á stöðugildi hafa lækkað hlutfallslega meira í efri tekjuhópum. Þá er ljóst af gögnunum að dregið hefur verulega úr heildargreiðslum ríkisins vegna „yfirvinnu“ og „annarra launa“. Ekki liggur fyrir hvernig breyting á heildargreiðslum ríkisins fyrir þessa liði dreifist á einstakar stofnanir eða hópa starfsmanna. Ekki er því að öðru leyti ljóst hvort eða hvernig laun starfsmanna einstakra ríkisstofnana eða hópa starfsmanna hafa lækkað, eða hversu almennar og miklar hugsanlegar lækkanir kunna að vera. Þá verður að leggja til grundvallar að almennar sparnaðaraðgerðir hjá ríkinu frá ársbyrjun 2009 hafi almennt komið fram í breytingum á störfum og vinnuskipulagi og auknu álagi og meiri ábyrgð með áþekktum hætti hjá forstöðumönnum stofnana og öðrum starfsmönnum þeirra, enda liggur ekkert fyrir um hið gagnstæða.

Um það bil helmingur ríkisstarfsmanna er með hærri heildarlaun en 400.000 krónur á mánuði. Þar af eru starfsmenn í Stjórnarráðinu sem ekki heyra undir kjararáð um það bil 3,5%

og þeir sem falla undir úrskurðarvald kjararáðs, hvort heldur í Stjórnarráðinu eða utan þess, um það bil 7%.

Með vísan til framangreinds verður að telja að ekki séu fyrir hendi traustar forsendur til að slá föstu að laun nægilega margra ríkisstarfsmanna, sem ekki heyra undir úrskurðarvald kjararáðs og hafa hærri heildarlaun en 400.000 krónur á mánuði, hafi lækkað með sambærilegum hætti og laun þeirra sem undir kjararáð heyra. Þá verður ekki séð að störfum eða vinnuskipulagi hafi verið breytt, eða álag aukist og ábyrgð orðið meiri en telja má að hafi átt sér stað hjá þeim sem heyra undir kjararáð. Slíkum breytingum verður því ekki fyrirvaralaust jafnað til þeirrar launalækkunar sem kjararáðshópurinn sætti. Þess vegna verður að telja að kjararáði beri að taka til baka, að meira eða minna leyti, þá lækkun sem gerð var á launum þeirra sem undir ráðið heyra og ráðinu var fyrirskipað að framkvæma á grundvelli áður nefndra laga.

Loks verður að telja rétt að kjararáð taki nú afstöðu til þess hvort og þá með hvaða hætti almenn þróun launa í þjóðfélaginu frá uppkvaðningu nefndra úrskurða kjararáðs um lækkun launa skuli leiða til breytinga á launum þeirra sem undir kjararáð heyra, sbr. 8. gr. og 1. mgr. og 2. málslíð 2. mgr. 10. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006.

Ég er sammála meirihluta kjararáðs um að hækka laun þeirra sem undir kjararáð heyra eins og lýst er í ákvörðunarorði, svo langt sem sú hækkun nær.

Jónas Þór Guðmundsson